

25.000 — tuttugu og fimm þúsund — króna framlagi í peningum án vaxta, eins og 131
nánar er til tekið í 3. gr. B. arfleiðsluskrárinnar. 1. júlí

C. Að annast um viðhald legstaðar gefandans, Sigurgeirs Einarssonar.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa oddviti Seltjarnarneshrepps og Ragnar Bjarkan stjórnarráðsfulltrúi, meðan hans nýtur við, en eftir hans dag skal hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps kjósa mann í hans stað í stjórnina. Skal sjóðstjórnin annast rekstur fasteignarinnar Vesturgata 28, meðan hún verður í eigu sjóðsins og ávaxta fé hans á þann hátt er hún telur hyggilegan t. d. í ríkistryggðum verðbréfum eða fasteignaveðskuldabréfum, er þó aldrei, að viðbættum þeim veðskuldum er á undan kunna að standa, fari fram úr þrem fjórðu brunabótaverðs hlutaðeigandi fasteignar.

Ragnar Bjarkan skal vera reikningshaldari sjóðsins og varðveita fjármuni hans. Hann skal annast daglegan rekstur eigna sjóðsins, en til allra meiriháttar framkvæmda, svo sem sölu á fasteignum sjóðsins, leigu á þeim eða ávöxtunar á fjármunum hans til lengri tíma en eins árs í senn, þarf skriflegt samþykki beggja stjórnendanna.

Stjórnendum ber þóknun fyrir starf sitt eftir taxa lögmannafélags Íslands.

4. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Skulu reikningarnir endurskoðaðir af 2 löggiltum endurskoðendum og sendir hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps til athugunar innan misseris frá lokum hvers reikningsárs.

5. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn. Færir hún í hana skipulagsskrá þessa ásamt árlegum reikningum sjóðsins.

REGLUGERÐ

um verðjöfnun á olú og benzíni.

132

15. júlí

1. gr.

Söluverð á gasolíu, brennsluolíu og ljósaolíu, afhentri til viðskiptamanna á föstum útsölustað eða af tankbíl, skal vera hið sama, hvar sem er á landinu. Þó skal leyfilegur verðmunur á sama hátt og verið hefur vegna breytilegra afgreiðsluhátta. Söluverð á benzíni, öðru en flugvélabenzíni, skal vera hið sama frá öllum útsölustöðum, þ. e. birgðastöðvum og benzíndælum.

2. gr.

Mynda skal verðjöfnunarsjóð og skal viðskiptamálaráðherra skipa honum 5 manna stjórn. Þrjú eftir tilnefningu olíufélaganna, en hina tvo án tilnefningar, og skal annar þeirra vera formaður stjórnarinnar. Stjórnin skal annast framkvæmd verðjöfnunarinnar undir yfirstjórn ráðherra, sem sker úr um ágreiningsatriði, er upp kunna að koma.

3. gr.

Verðjöfnunargjald skal lagt á allt selt magn af olíum þeim og benzíni, sem um ræðir í 1. gr. Innflytjendur skulu greiða verðjöfnunargjaldið ársfjórðungslega til sjóðsins.

132

15. júlí

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal gera tillögur til viðskiptamálaráðuneytisins um upphæð verðjöfnunargjaldsins á hverjum tíma fyrir hverja tegund og skal miðað við, að gjaldið nægi til að greiða þann flutningskostnað, sem nú er reiknaður, með þeim hækkunum eða lækkunum, sem síðar kunna að verða, þannig að fullnægt verði eftirspurn eftir þessum vörutegundum.

Að fengnum tillögum sjóðstjórnar ákveður viðskiptamálaráðuneytið verðjöfnunargjaldið fyrir misseri í senn.

5. gr.

Verðjöfnunarsjóð skal varið til að endurgreiða þeim aðilum, sem annast dreifingu á olíu og benzíni, flutningsgjöld samkvæmt 4. gr.

Þeir aðilar, sem gera kröfu á hendur sjóðnum, skulu haga bókhaldi sínu þannig, að stjórn sjóðsins telji fullnægjandi með tilliti til verðjöfnunarinnar.

6. gr.

Ekki má leggja verðjöfnunargjald á eina tegund til að greiða flutningsgjald á annarri tegund. Nú hrekkur verðjöfnunargjald af einni tegund ekki til greiðslu á kröfum vegna þeirrar tegundar og skulu þá innstæður hjá verðjöfnunarsjóði notaðar til greiðslu þessara krafna til bráðabirgða, enda verði slíkar bráðabirgðagreiðslur endurgreiddar af hækkun verðjöfnunargjaldi af umræddri tegund á næsta verðjöfnunartímabili.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal ávaxta fé það, sem á hverjum tíma er í sjóðnum á sérstökum bankareikningi og er hún ábyrg fyrir sjóðnum gagnvart viðskiptamálaráðuneytinu. Enn fremur skal hún skila ráðuneytinu árlega endurskoðuðu uppgjöri yfir sjóðinn.

8. gr.

Kostnaður við stjórn sjóðsins, skrifstofuhald og endurskoðun, greiðist af fé sjóðsins og skal þá tekið tillit til þess við ákvörðun verðjöfnunargjaldsins.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 34 18. febrúar 1953, um verðjöfnun á olíu og benzíni, öðlast gildi 1. ágúst 1953.

Ákvæði til bráðabirgða.

Í fyrsta sinn skal verðjöfnunargjaldið ákveðið fyrir tímabilið 1. ágúst til 31. desember 1953. Fyrstu greiðslur til verðjöfnunarsjóðs skulu miðast við 1. nóvember 1953 og 1. janúar 1954.

Viðskiptamálaráðuneytið, 15. júlí 1953.

Björn Ólafsson.

Yngvi Ólafsson.